

Strandabyggð
Þórður Már Sigfússon
Höfðagötu 3
510 Hólmavík

Reykjavík, 24. mars 2021
UST202103-238/B.S.
10.05.00

Efni: Skógrækt - Gröf í Bitrufirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Strandabyggðar dags. 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.


Ráðgert er að gróðursetja í um 110 ha lands á jörðinni Gröf í Bitrufirði. Um aðstæður segir m.a. í greinargerð: *Stöku votlendispollar eru í hlíðinni og fjölbreytt votlendi þegar komið er niður á jafnsléttu. Þessi svæði verða sjálfkrafa skóglaus, þar sem tré eiga erfitt uppdráttar á slíkum svæðum og engin áform uppi um að þurrka þau upp.*


Útlit skógarins verður hannað þannig að hann verði fjölbreyttur ásýndar og að láta jaðra skógarins fylgja hæðarlínu þannig að útlínur skógarins verði ekki beinar línur.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að við skógræktina verði votlendi hlíft og að leitast verði við að gera skóginn að jákvæðri viðbót við landslag á svæðinu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda framkvæmd.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur